


Það telst jafnan til tíðinda er grórir myndlistarmenn, er hafa lifað langan dag og starfað að list sinni um áratugaskeið, efna til yfirlitssýningar á æviverki sínu. Þeir, sem á annað borð hafa áhuga á þróun íslenskrar myndlistar, eru þá yfirleitt fljótir á vettvang, fullir forvitni og eftirvæntingar.

Einar G. Baldvinsson telst ekki með elsta árgangi starfandi íslenskra myndlistarmanna en sýningin er einmitt haldin í tilefni sextugsafmæli hans. Algengt er að slíkar sýningar séu settar upp í tilefni sjötugs eða áttræðisafmælis mætra myndlistarmanna. Og þá má bæta við, að héraendis tíðkast það yfirleitt ekki, að menn undir fimmtugu haldi yfirlitssýningar og kemur hér til, að listamenn hafa hingað til litið á slík fyrirtæki sem úttekt sér miklu eldri listamanna á æviverki sínu. Telja verður þetta grófan misskilning, því að víða um heim er algengt, að tiltölulega ungir myndlistarmenn, t.d. 30–40 ára, geri ítarlega úttekt á þróun listar sinnar og eru þá með framtíðina í huga. Þeir eru þá einfaldlega að stokka upp spilin og líta yfir farinn veg.

Einar Guðmundur Baldvinsson, sem um þessar mundir heldur eins konar yfirlitssýningu að Kjarvalsstöðum er vel þekktur meðal íslenskra myndlistarmanna og það af góðu sem málari. Hins vegar er hann öllu minna þekktur meðal almennings, því að maðurinn er með eindæmum högvær og sýningar hans hafa yfirleitt verið af minni gerðinni og þá aðallega haldnar í Bogasal Þjóðminjasafnsins, og þeim fylgt lítill hávaði. Einar er nefnilega einna sístur íslenskra myndlistarmanna til þess að trana sér og verkum sínum fram og tala þá um leið digurbarklega um ágæti verka sinna og óumdeilanlegt mikilvægi sitt á astralplani heimslistarinnar. Þá veit ég ekki til þess, að með honum búi sá eiginleiki, sem ámælisverðastur er í fari ýmissa íslenskra myndlistarmanna, en það er að gera lítið úr félögum sínum og verkum þeirra, ryðja þeim til hliðar í því augnamiði að ota sjálfum sér og verkum sínum fram í sviðsljósi.

Það mætti jafnvel líkja þessu meinlæti Einars á sviði metnaðargirndarinnar við kreppuárástandið og kemur það t.d. fram í smábleðli í formi sýningar-skrár umræddrar sýningar, því að hér vantar á flest það sem nauðsynlegt og sjálfsgað telst í slíkar skrár, t.d. æviágrip listamannsins og námsferil, skrá yfir helstu sýningar, hvaða listsöfn eigi myndir eftir hann, nöfn eigenda myndanna, ljósmyndir af eldri og nýrri verkum o.s.frv. Ég set þetta ekki fram hér



Einar G. Baldvinsson við eitt af málverkum sínum á sýningunni.

Yfirlitssýning Einars G. Baldvinssonar

viðkomandi til áfellis, því að álíta má að sýningarskráin ein lýsi manningu vel, er hirðir hvorki um skraut né þrjá en vill þó í leiðinni gleyma ýmsum mikilvægum atriðum og skráðum sem óskráðum reglum og hefðum á vettvangi mannlegs lífs.

Ég veit lítið um Einar G. Baldvinsson þótt ég hafi verið kunnugur honum í þrjá áratugi og var m.a. samtíða honum í einn vetur í Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Mér hefur þó tekist að grafa það upp, að hann er fæddur í Reykjavík hinn 8. desember 1919, og voru foreldrar hans þau Baldvin Einarsson

Myndlist eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

sóðla- og aktygjasmiður og k.o. hans Kristine Karoline, f. Heggem. Nam í Handiða- og myndlistarskólanum 1942–45 og við Listaháskólann í Kaupmannahöfn 1946–50. Tók teiknikennarapróf frá Handiða- og myndlistarskólanum að ég held vorið 1950.

Það stendur hagleiksfólk að Einari, faðir hans Baldvin sóðla-

smiður er fæddist í Bergvík í Romseshvalsnesi var sonur Einars smiðs Ingimundarsonar, en móðir hans Kristín Karólína var dóttir Johan Heggem, steinsmiðs í Molde í Noregi.

Mér er enn í fersku minni verzlun og vinnustofa Baldvins Einarssonar við Laugavegin því að ég átti stundum erindi þangað inn í gamla daga auk þess sem ég gekk ótal sinnum þar framhjá. Það þótti góður gófgur leðurilmur þar inni og hann barst gjarnan út fyrir dyr verzlunarinnar og þótti ferskur og fínn. Baldvin söðlasmíður var ljúfur í viðmóti við mig og þótti hinn mesti heiðursmaður ásamt því að vera mjög fær í iðn sinni.

— Myndlistarmenn teljast vart gamlir þótt þeir hafi fyllt sjötta áratuginn og það er naumast fyrir ellið, að Einar G. Baldvinsson hefur tekið sig til og safnað saman þessum myndum sínum á Kjarvalsstöðum, auk þess held ég að það sé óhætt að fullyrða, að það sé enginn „blessparty“-svipur yfir þessari sýningu. Vafalítið verður sýningin Einari lærdómur og hvati til frekari afreka í list sinni og við skulum vona, að hann haldi lengi enn að bramla með pentskúfnn á lofti.

Einar G. Baldvinsson hefur löngum sótt myndefni til þess, sem stundum er nefnt „myndlist kreppuáranna“, — þessi viðfangsefni voru þó við lýði í Evrópu löngu fyrir heimskrepp-

una og því ákaflega vafasamt, að nefna stílbrogðin því nafni og kenna þau eingöngu við Þorvald Skúlason, Jón Engilberts, Snorra Arinbjarnar, Jón Þorleifsson o.fl. héraendrar málara. Nafngiftin á þó vissan rétt á sér héraendis og þetta var einmitt nýlist áratugarins fyrir seinni heimsstyrjöldina. — Mikilvægast er, að það er íslenskt svipmót yfir þessum myndum Einars, og í þeim sumum glitir í upprunalega kennd, sem við getum einungis heimfært á þennan listamann. Mikil er um myndir frá sjávarsíðunni, skip og bátar við bryggju, — konur að hengja upp þvott, í bakgrunni sér í lágri þorpshúsin, himin, haf, kletta og fjöll. Þetta, og margt fleira í líkum dúr, hefur verið málað mörg þúsund sinnum hér á landi, en það skiptir ekki máli, því að hér varðar mestu að gera vel og e.t.v. er mesti málari þessara viðfangsefna enn ófæddur. Viðfangsefni, „mótivin“, verða aldrei gömul í sjálfu sér, því að það koma jafnan einhverjir fram, sem endurnýja þau, blása í þau nýju og fersku lífslofti.

Það eru 90 olíumálverk á sýningu Einars og auk þess þrjár samstæður, eða myndaraðir, olíukrítarmyndar, ásamt einni teikningu af Gretti og Glámi. Hér er fjölbreytninni vissulega ekki fyrir að fara og margt er að sakna, t.d. eru eldri myndir sorglega fáar í hlutfalli við þær myndir er Einar hefur málað

eftir 1970. Skipulagi sýningarinnar og uppröðun myndar er mjög ábótavant og þannig kemst sýningin ekki til skila sem yfirlitssýning. Þetta er frekar sýning tiltölulega nýrri myndar ásamt með ýmsum stikkprufum frá eldri tíð og sannarlega saknar maður ýmislegs er hreif maðar á fyrri sýningum. Æskuverkk listamannsins ásamt með stikkprufu af því sem hann gerði í skóla og í æsku hefðu að ósekju mátt fylgja með. Það hefði prýtt sýninguna og aukið á breidd hennar og dýpt.

Það er alveg ljóst, að næstu yfirlitssýningu Einars G. Baldvinssonar verða aðrir en listamaðurinn sjálfur að sjá og skipuleggja, og það er trú mín að þá fyrst munum við kynna stærð hans og styrk sem myndlistarmanns.

— Að sjálfsögðu er margt um góðar myndir á þessari sýningu, sem sterk og einföld myndbygging

ing prýðir, og vil ég nefna hér myndir líkt og nr. 4, 5, 13, 16, 20, 46, 55, 58, 62, 63, og 80, en allar þessar myndir lýsa sem málara, sláandi er hvernig hann nær sterkri burðargrind úr einföldun en mögnuðum formum.

Einari hefur sjaldnast farist það vel úr hendi að finna réttu umgerð utan um myndir sínar, rannar geta verið skakkir og klúðurslegir en þó keyrir um þverbak er kaupendur myndanna láta ramma þær inn, sumir hverjir, því að hinar gylltu skrautumgerðir eru einatt í hróplegu ósamræmi við einfaldleika og látleysi myndanna. Óheppilegir rannar skemma ekki beinlínis myndir, en þeir geta átt mikinn þátt í því að hinn rétti andblær og stemmning þeirra komi ekki til skila með öllu. Ég hafði persónulega mikla ánægju af heimsóknum á þessa sýningu þrátt fyrir augljósa annmarka hennar sem yfirlitssýningar, — hinn stærsti er ennþá óupptalinn en hann er sá, að sýningin stendur alltof stutt yfir.

Allt um það, Einar Baldvinsson kemur til dyra svo sem hann er klæddur og það virðir maður og metur mikils. Ég óska að lokum listamanninum margra vinnudrjúgra ára framundan, ásamt því, að menn eiga eftir að sjá fleiri stórar sýningar frá hans hendi í framtíðinni.

Bragi Ásgeirsson.

„Andorra“ á Neskaupstað

Á þriðjudaginn mun Leikfélag Neskaupstaðar frumsýna leikritið Andorra í Egilsbúð klukkan 20.30. Leikstjóri er Magnús Guðmundsson, en þetta er í fimmta sinn sem hann setur upp verk fyrir félagið. Formaður félagsins er Anna Margrét Jónsdóttir.

Andorra er eitt kunnasta verk hins þekktu höfundar Max Frisch, og í því fjallar hann um hvert fordómar geta leitt menn. Andorra á ekkert skylt við samnefnt smáríki, né nokkurt annað smáríki, heldur býr hið raunverulega í verkinu að-

eins í mönnum sjálfum. Í leikritinu er maður hrakinn út í dauðann vegna þess að talið er að hann sé Gyðingur, og hann talinn öðruvísi en aðrir af þeim sökum. Að lokum kemur þó í ljós, að hann er alls ekki Gyðingur.

Með aðalhlutverkin í leikritinu fara tveir ungir og upprennandi leikarar á Norðfirði, þau Þröstur Rafnsson, sem leikur Andra, og Hrefna Hjálmaradóttir, sem leikur Barblín. Leikfélagið á 30 ára afmæli um þessar mundir og er Andorra 31. verkefni þess.



Leikarar Leikfélags Neskaupstaðar, sem taka þátt í sýningunni á Andorra.